

Til þess sem málið varðar :

Ég andmæli algerlega þeim hugmyndum sem skilja má af annars ófullkomnum kynningum meirihluta umhverfis og samgöngunefndar að leggja vegagjöld á almenna umferð á vegum landsins.

Slíkar álögur yrðu grundvallarbreyting á skattheimtu og fjármögnun samgöngukerfis og ljóst að slíkir skattar legðust að lang stæstum hluta á okkur íbúa höfuðborgarsvæðisins. Slíkt skal aldrei verða !

Ég sé hins vegar ekkert að því að vegagjöld séu lögð tímabundið á nýjar leiðir þar sem um styttingu og hagræðingu er að ræða, gegn því að eldri leiðir séu áfram opnar og greiðfærar.

Hvalfjarðagangnaverkefnið var gott dæmi um slíka leið. Vel má hugsa sér að ný leið (göng) undir Setbergshlíð í Hfn (milli ca. Haukasvæðis og Ikea/Costco svæðis) og eins ný leið norðan Selfoss með nýrri brú á Ölfusá til styttinga og einföldunar á þjóðvegi 1 yrðu fjármögnuð með veggjöldum. Sundabraut gæti einnig fallið í þennan flokk.

Bkv. Árni Guðmundsson